



## Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

### Efnisyfirlit

Lögskyld verkefni.....	2
Félagsmál .....	2
Húsnæðismál.....	4
Fræðslu- og menningarmál.....	5
Öryggis- og löggæslumál.....	6
Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.....	7
Kosningar.....	9
Samgöngur.....	10
Vatns- og fráveitur.....	10
Íþróttu- og æskulýðsmál.....	11
Heilbrigðismál.....	11
Ýmsar aðrar skyldur.....	12
Stjórnsýsla sveitarfélaga.....	13
Lögheimil verkefni .....	14
Lögmæltar stefnur, áætlanir, reglur og samþykktir.....	15
Lögmæltar stjórnir, nefndir og ráð.....	20
Samvinna sveitarfélaga .....	22

### Verkefni sveitarfélaga

Sveitarfélög sinna ýmsum verkefnum sem þeim eru falin að lögum, þ.e. lögmælt verkefni, en geta einnig, innan vissra marka, tekið að sér önnur verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum, þ.e. ólögmælt eða valkvæð verkefni. Lögmæltum verkefnum má síðan skipta í annars vegar lögskyld verkefni og hins vegar lögheimil verkefni. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Dæmi um slíkt verkefni er skylda sveitarfélaga til að sinna félagsþjónustu innan sinna marka, sbr. 4. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Lögmælt verkefni geta einnig verið lögheimil en í því felst að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Rekstur náttúrustofa er dæmi um lögheimilt verkefni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.



Með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, hefur ráðuneytið tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir lögmaðt verkefni sveitarfélaga, flokkuð eftir málaflokkum og því hvort um lögskyld eða lögheimil verkefni er að ræða. Það skal tekið fram að yfirlitið hefur ekki gildi sem sjálfstæð réttarheimild og ráðast því skyldur sveitarfélaga ekki af því heldur af viðkomandi lögum. Er yfirlitinu frekar ætlað að auðvelda umræðu um skyldur og hlutverk sveitarfélaga.

## Lögskyld verkefni

### Félagsmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Aðstoð við erlenda ríkisborgara	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi.
Barnaverndarmál	Barnaverndarlög nr. 80/2002.	Sveitarfélög skulu starfrækja barnaverndarþjónustu og skal umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu vera í það minnsta 6000 íbúar.
Félagsþjónusta sveitarfélaga	Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.	Hver sveitarstjórn ber ábyrgð á félagsþjónustu innan marka síns sveitarfélags, eftir atvikum í samvinnu við sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga og skal með skipulagðri félagsþjónustu tryggja framgang markmiða laganna. Sveitarstjórn skal kjósa félagsmálanefnd sem fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélagini í umboði sveitarstjórnar. Sveitarfélög skulu hafa til að skipa hæfu starfsfólk i starfsliði sínu s.s. félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, iðjuþjálfum, sálfræðinga og aðra sérfraeðinga.
Félagsleg ráðgjöf	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Félagsmálanefndir skulu bjóða upp á félagslega ráðgjöf í samræmi við ákvæði V. kafla laganna.
Fjárhagsaðstoð	VI. kafli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.	Sveitarfélag skal tryggja að íbúar þess geti séð fyrir sér og sínum. Fjárhagsaðstoð skal vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.
Lögræðissviptingarmál og nauðungarvistanir	Lögræðislög nr. 71/1997.	Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur verið félagsþjónusta sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla



		aðila sjálfss, vandamanna, læknis hans eða vina, vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt eða þegar gæsla almannahags gerir þess þörf. Sömuleiðis getur félagsþjónusta sveitarfélaga, eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila, lagt fram beiðni um nauðungarvistun þegar talið er réttmætt að gera þá kröfu vegna tilmæla aðila sjálfss, vandamanna hans, læknis eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.
Málefni aldraðra	Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. eining X. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu standa að uppbyggingu öldrunarþjónustu og rekstri þjónustumiðstöðva sem og aðgengi að félagslegri heimabjónustu, heimsendingu matar og aðgengi að félagsstarfi aldraðra.
Málefni fatlaðs fólks	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og XI. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar. Enn fremur skulu sveitarfélöginn hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þ.m.t. samninga sem sveitarfélöginn gera við þjónustu- og rekstraraðila um framkvæmd þjónustunnar. Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu skv. lögum nr. 38/2018.
Stuðningsþjónusta	VII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. lög nr. 37/2018.	Sveitarfélagi er skylt að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og burfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónustu skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað.
Túlkapjónusta	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.	Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess burfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli.
Upplýsingagjöf vegna barna	Barnalög nr. 76/2003.	Foreldri sem ekki fer með forsjá barns á rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um barnið frá leikskólam, skólam, barnaverndarþjónustu o.fl.



Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda	XIII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Félagsmálanefndir skulu stuðla að forvörnum í áfengis- og vímugjafamálum í samstarfi við viðeigandi aðila, svo sem löggreglu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Félagsmálanefndir skulu aðstoða þá sem eiga við fíknivanda að stríða við að leita sér viðeigandi meðferðar og aðstoðar. Þá skal veita aðstandendum og fjölskyldum þeirra sem eiga við fíknivanda að stríða ráðgjöf og aðstoð eftir því sem við á. Félagsmálanefndir skulu stuðla að því að einstaklingar með fíknivanda, sem fengið hafa meðferð og læknishjálp, fái nauðsynlegan stuðning og aðstoð til að lifa eðlilegu lífi að meðferð lokinni.
Sambætting þjónustu í þágu barna	Lög um sambættingu þjónustu í þágu barna, nr. 86/2021.	Sveitarfélög bera m.a. ábyrgð á að fylgjast með og bregðast við velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu. Þau skipa svæðisbundin farsældarráð sem eru vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna og vinna jafnframt skýrslur um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða á tveggja ára fresti.

## Húsnæðismál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Eignaskiptayfirlýsingar	Lög um fjöleignarhús nr. 26/1994.	Sveitarfélög (byggingarfulltrúi) skulu staðfesta eignaskiptayfirlýsingar en gera skal eignaskiptayfirlýsingu um öll fjöleignarhús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Sé um nýbyggingu að ræða skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings að eignaskiptayfirlýsing liggi fyrir.
Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga	Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.	Viðkomandi sveistarstjórn er ábyrg fyrir því að þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra.
Húsnæðismál	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998, sbr. lög nr. 65/2018, sbr. einnig lög um	Sveitarstjórn ber ábyrgð á og hefur frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélagini sem þarfnað aðstoðar við húsnæðisöflun. Í því skyni skal



	félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	sveitar-stjórn fylgjast með þörf á húsnæði í sveitar-félaginu. Jafnframt fer sveitarstjórn með stjórn og samræmingu húsnæðismála á vegum sveitarfélagsins. Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguþúsnæði, félagslegu kaupleighúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna, ásamt því að veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við reglur sveitarstjórnar.
Olíustyrkur	Lög um jöfnun og lækkun hitakostnaðar nr. 53/1980.	Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orku-gjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk. Olíustyrkir skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda.

## Fræðslu- og menningarmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almenningsbókasöfn	Bókasafnalög nr. 150/2012.	Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skyt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við bókasafnslög.
Bygging framhaldsskóla	Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds. Þá geta sveitarfélög staðið að stofnun framhaldsskóla í samstarfi við ríkið.
Grunnskólar	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Rekstur almennra grunnskóla er á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum grunnskóla, skólabjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélagini. Sveitarfélögum er skyt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélagini njóti skólavistar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd. Sveitarfélag skal gera þjónustusamning við rekstraraðila sjálfstætt rekinna grunnskóla.



		Slíkir grunnskólar eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar.
Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.	Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. nr. 95/2019.	Sveitarstjórn eða sá sem sveitarstjórn felur umboð sitt, eða aðrir rekstraraðilar, ráða skólastjórnendur við leik- og grunnskóla í samræmi við lög þessi. Skólastjórar eða stjórnandi, sem sveitarstjórn eða rekstraraðili felur ráðningarávald, ráða þó kennara við leik- og grunnskóla í samræmi við lög þessi.
Tónlistarskólar	Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.	Ef sveitarfélag vill koma á fót tónlistarskóla skal sveitarstjórn semja reglugerð um skólann sem ráðherra staðfestir. Skal þar m.a. kveðið á um yfirstjórn skólans og ráðningu starfsmanna sem teljast skulu starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.

## Öryggis- og löggæslumál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almannavarnir (að hluta)	Lög um almannavarnir nr. 82/2008.	Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í lögum um almannavarnir.
Brunavarnir og brunamál, þ. á m. slökkvilið	Lög um brunavarnir nr. 75/2000.	Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarfélag ber kostnað af bessari starfsemi.
Samstarfsnefnd um málefni löggreglu	Lögreglulög nr. 90/1996.	Í hverju lögreglum dæmi skulu starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni löggreglunnar, sem sveitarstjóri þess sveitarfélags sem er í lögreglum dæminu situr í. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu löggreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu.
Sjóvarnir	Lög um sjóvarnir nr. 28/1997.	Sveitarfélögini eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997.	Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns. Skal sveitarstjórn leggja honum til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað, svo og sjá um rekstur á tækjum og búnaði. Sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið



		á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum. Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.
--	--	---

## Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Dýravernd	Lög um velferð dýra nr. 55/2013.	Á sveitarfélögum hvíla ákveðnar skyldur á sviði dýraverndar, s.s. tilteknar hjálpar- og vörluskyldur.
Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar	Lög um mannvirki nr. 160/2010.	Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarfulltrúi sem sveitarstjórn ræður. Hann hefur eftirlit með mannvirkjagerð. Þá er almennt óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa bað, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi bess eða lagnakerfum eða breyta notkun bess, últli eða formi nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnsýsla og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laga.
Fjallskil	Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.	Sveitarstjórn telst vera stjórn fjallskila- umdæmis, hún fer með yfirstjórn allra afréttu- og fjallskilamála í viðkomandi um- dæmi og hefur eftirlit með ástandi afréttu.
Fjarlæging girðinga af eyðijörðum	Girðingarlög nr. 135/2001.	Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögveð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir.
Gatnagerð	Lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006.	Sveitarfélögum er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af fasteignum og til að ákveða innan marka laganna hvernig sá gjaldstofn er nýttur. Gjaldinu skal varið til gatnagerðar í sveitarfélagini og til viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja.
Heilbrigðiseftirlit	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.	Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðis- eftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.



Landgræðsla	Lög um landgræðslu nr. 155/2018.	Sveitarfélög kemur að gerð svæðisáætlunar um landgræðslu og hefur eftirlit með ástandi lands í samráði við Landgræðsluna.
Meðhöndlun úrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.	Sveitarstjórn semur og staðfestir svæðisáætlun og samþykkt um meðhöndlun úrgangs, ákveður fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélagini, ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélagini.
Meindýraeyðing, dýraeftirlit	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 sbr. einnig Lög um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá m.a. um að halda meindýrum í lágmarki. Sveitarfélugin gegna einnig vissu hlutverki, ásamt Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands, við dýraeftirlit.
Mengunarvarnir	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.	Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um varnir gegn mengun hafs og stranda en getur falið heilbrigðisnefndum sveitarfélagana tiltekna þætti eftirlitsins.
Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra	Lög um örnefni nr. 22/2015.	Ef nýtt náttúrufyrirbæri þarf nafns ber viðkomandi sveitarstjórn að hafa frumkvæði að nafngift að fenginni umsögn örnefna-nefndar. Utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga liggur frumkvæði að nafngift hjá ráðherra.
Skipulagsmál	Skipulagslög nr. 123/2010.	Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir og veita framkvæmdaleyfi og hafa eftirlit með framkvæmd skipulags-áætlana og framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Sveitarstjórn kys í skipulagsnefnd hvers sveitarfélags.
Skólphreinsun	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 798/1999.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skólp sé hreinsað eftir því sem við á samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp.
Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsi	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.	Ef byggingarfulltrúi sveitarfélags verður var við að friðað eða friðlýst hús eða mannvirki hafi orðið fyrir spjöllum eða að því sé ekki vel við haldið skal hann gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. Ef fyrirsjáanlegt er



		að minjastaður spillist vegna breytrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart.
Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma	Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993.	Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum.
Verndarsvæði í byggð	Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.	Sveitarstjórn skal á á fjöglurra ára fresti meta hvort innan marka sveitarfélagsins sé byggð sem ástæða sé til að gera að verndarsvæði í byggð. Ákvörðun um að gera tiltekna byggð að verndarsvæði er hjá ráðherra að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar.
Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	Á vegum hvers sveitarfélags starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnunum til ráðgjafar um náttúruverndarmál og stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar.

## Kosningar

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Framlög til stjórnmálasamtaka	Lög um fjármál stjórnmálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.	Sveitarfélögum er skylt að veita stjórnmálasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárfamlög til starfsemi sinnar.
Íbúakosningar um einstök málefni	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess. Ef minnst 20% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska slíkrar atkvæðagreiðslu skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hærra hlutfall í samþykkt um stjórn sveitarfélags en þó aldrei hærra en



		þriðjung beirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi.
Alþingis- og forsetakosningar	Kosningalög nr. 112/2021.	Sveitarstjórn tekur ákvörðun um skiptingu sveitarfélagsins í kjördeildir og um kjörstaði.
Sveitarstjórarkosningar	Kosningalög nr. 112/2021.	Sveitarstjórn kýs yfirkjörstjórn og aðrar kjörstjórnir sveitarfélags. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um skiptingu sveitarfélagsins í kjördeildir og um kjörstaði. Sveitarstjórn ákveður þóknun fyrir störf og setu í kjörstjórnnum sveitarfélagsins. Allur kostnaður vegna sveitarstjórarkosninga greiðist úr sveitarsjóði.

## Samgöngur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Lagning og viðhald vega og stíga	Vegalög nr. 80/2007.	Sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega, þ.e. vegir innan þéttbýlis og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Þá bera sveitarfélög ýmsan kostnað tengdan þjóðvegum í þéttbýli á móti ríkinu.
Umferðarfræðsla og sértaek fræðsluskylda sveitarfélaga.	Umferðarlög nr. 77/2019.	Sveitarstjórn ber að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað.

## Vatns- og fráveitur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Fráveitur	Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, sjá einnig lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum nr. 53/1995.	Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarféluginu. Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu. Utan þéttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.p.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.p.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha skal sveitarfélagið sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkri.
Vatnsveitur	Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, sjá einnig vatnalög nr. 15/1923.	Í þéttbýli skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitu í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem



		kostur er. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu.
--	--	---

## Íþrótt- og æskulýðsmál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Frístundaheimili	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Öllum börnum í yngri árgögum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi. Í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefur ráðuneytið út <a href="#">viðmið um gæði frístundastarfs</a> .
Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.	Íþróttalög nr. 64/1998.	Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.
Málefni barna og ungmenna	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna. Félagsmálanefnd skal sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða, t.d. leikskóla og tómstundaiðju. Einnig skal félagsmálanefnd gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu þær aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.
Þjónusta við unglings	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu starfrækja þjónustu við unglings og m.a. standa að forvarnastarfi í málefnum þeirra sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

## Heilbrigðismál

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almennar sóttvarnarráðstafanir	Sóttvarnalög nr. 19/1997.	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gegna vissum skyldum skv. sóttarnarlögum þegar kemur að því að uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum,



		starfsemi, vatni, skolplögnum, lofræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna.
Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana	Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.	Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði. Sveitarfélög láta í té lóðir undir slíkar byggingar, þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.

## Ýmsar aðrar skyldur

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
EES-reglur	Lög um evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.	Með lögunum var EES-samningurinn lögfestur en á grundvelli hans tekur Ísland þátt í hinu evrópska efnahagssvæði. Samningurinn leggur ýmsar skyldur á sveitarfélög, t.d. hvað varðar umhverfismál, fyrirtækjarekstur, innkaup, stafsmannamál o.fl.
Húsmæðraorlof	Lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972.	Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram tiltekna fjárhæð til orlofsnefndar viðkomandi orlofssvæðis.
Kirkjugarðar	Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993.	Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði. Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélagjöld til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.
Kirkjur	Lög um Kristnisjóð nr. 35/1970.	Sveitarfélögum er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Sé presti skylt að hafa aðsetur í sveitarfélagini þar sem um sé að ræða lögboðið prestssetur, skal sveitarfélagið leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans.
Nýting þjóðlendna	Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlenda, þjóðlenda og afréttu nr. 58/1998.	Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni þarf hins vegar leyfi ráðherra.



Samráð við félög í frístundabyggð	Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008.	Sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjóri skal halda fund um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggða og sveitarfélagsins sé þess óskað af a.m.k. helmingi félaga í frístundabyggð.
Umsögn um rekstrarleyfi	Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.	Sveitarstjórn gefur umsögn um hvort starfsemi umsækjanda rekstrarleyfis sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulags-skilmála, hvort að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu o.fl.
Útgáfa áfengissöluleyfa	Áfengislög nr. 75/1998.	Sveitarstjórn veitir leyfi fyrir rekstri áfengisútsölu í sveitarfélagini. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölustaðar áfengis tilteknum skilyrðum.

## Stjórnsýsla sveitarfélaga

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Álagning og innheimta opinberra gjalda	Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.	Sveitarfélög hafa að meginsteftnu þrjá tekjustofna: 1. Útsvar er tekjuskattur sem bætist við hinn almenna tekjuskatt sem greiðist til ríkisins. Útsvarið greiðist til þess sveitarfélags sem einstaklingar eru skráðir til lögheimilis þann 31. desember á tekjuárinu. Sveitarstjórn ákveður útsvarshlutfallið innan ákveðinna marka. 2. Fasteignaskattur er eignaskattur sem er árlega lagður á flestar fasteignir í landinu. Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts og skal hún fara fram í fasteignaskrá. 3. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
Skráning og meðferð persónuupplýsinga	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gilda m.a. um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélögum.
Starfsmannamál, kjarasamningar	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.	Sveitarstjórnir fara með fyrirsvar sveitarfélags síns að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi og



		geta einnig haft með sér samvinnu um samningsgerð.
Sveitarstjórnir – verkefni og skyldur	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Í sveitarstjórnarlögum eru almenn ákvæði um verkefni, skyldur og stjórnskipulag sveitarfélaga, sjálfstjórn og mörk þeirra, fjármálastjórn, samvinnu og samráð við íbúa.
Upplýsingagjöf	Upplýsingalög nr. 140/2012.	Ákvæði laganna um aðgang að upplýsingum taka til sveitarfélaga eins og annarra stjórnvalda.
Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa	Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.	Lögin leggja þær skyldur á sveitarfélög að gætt sé jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup á vörum, verkum og þjónustu.
Varðveisla skjala	Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.	Skylda til varðveislu skjala er hluti af lögbundnum skyldum stjórnsýslu sveitarfélaga.
Vernd uppljóstrara	Lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.	Sveitarstjórn setur reglur um þá vinnustaði sem heyra undir sveitarfélagið um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða hattsemi.

## Lögheimil verkefni

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almennar íbúðir	Lög um almennar íbúðir nr. 52/2016.	Sveitarfélögum er heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði tiltekna íbúahópa.
Almenningssamgöngur	Lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017.	Vegagerðin getur veitt sveitarfélögum einkarétt að skipuleggja og sjá um reglubundna farþegaflutninga á tilteknum svæðum eða tilteknum leiðum eða leiðakerfum til að tryggja þjónustu sem varðar almannahagsmuni allt árið.
Bygging félagsheimila	Lög um félagsheimili nr. 107/1970.	Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
Hafnir	Hafnalög nr. 61/2003.	Hafnir geta verið í eigu sveitarfélaga og kveða lögin nánar á um rekstrarform þeirra.
Héraðsskjalasöfn	Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.	Stjórnarnefnd þjóðskjalasafns getur heimilað sveitarstjórnum að koma á fót



		héraðsskjalasöfnum til að varðveita skjöl sveitarfélagsins.
Hitaveitur	Orkulög nr. 58/1967.	Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði.
Leikskólar	Lög um leikskóla nr. 90/2008.	Sveitarfélögum er heimilt að starfrækja leikskóla og bera þau þá ábyrgð á þeirri starfsemi. Þau skulu hafa forstu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðibjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar.
Leyfi til tóbakssölu	Lög um tóbaksvarnir nr. 6/2002.	Heimilt er sveitarfélögum að innheimta gjald fyrir tóbakssöluleyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda.
Náttúrustofur	Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.	Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar.
Rafmagnsveitur (flutningur og dreifing rafmagns)	Raforkulög nr. 65/2003.	Fyrirtæki sem annast flutning raforku og kerfisstjórnun skal vera í meirihluta eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila. Fyrirtæki sem annast dreifingu raforku á tilteknu svæði skal vera í meirihluta eigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

## Lögmæltar stefnur, áætlanir, reglur og samþykktir

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Aðalskipulag - Lögskyld	Skipulagslög nr. 123/2010.	Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið þar sem sett er fram stefna sveitarstjórnar um þróun



		sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustuhverfi og umhverfismál. <u><a href="#">Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar</a></u> .
Akstursþjónustu	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í samræmi við <u><a href="#">Leiðbeiningar</a></u> ráðherra.
Brunavarnaáætlun - Lögskyld	Lög um brunavarnir nr. 75/2000.	Á hverju starfsstæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun í samræmi við <u><a href="#">Leiðbeiningar</a></u> HMS og hlotið hefur samþykki stofnunarinnar og sveitastjórnar.
Deiliskipulag - Lögskyld	Skipulagslög nr. 123/2010.	Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélagsins. <u><a href="#">Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar</a></u> .
Fjallskilasamþykkt - Lögskyld	Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.	Stjórn fjallskilaumdæmis setur fjallskilasamþykkt fyrir viðkomandi umdæmi, þar sem kveðið á um þau atriði er að framkvæmd fjallskila lúta. Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
Framkvæmd fjárhagsaðstoðar - Lögskyld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, að fengnum tillögum félagsmálanefndar.
Framkvæmdaáætlun í barnavernd - Lögskyld	Barnaverndarlög nr. 80/2002.	Sveitarstjórn markar sér stefnu og gerir framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar og sendir til viðeigandi aðila skv. lögunum.
Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni - Lögskyld	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.	Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.
Fyrirkomulag fráveitumála	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.	Sveitarstjórn getur kveðið á um fyrirkomulag fráveitumála og kröfur um hreinsun í samþykkt. Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
Gatnagerðargjald - Lögskyld	Lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006.	Sveitarstjórn setur samþykkt um gatnagerðargjald fyrir sveitarfélagið þar sem eftir atvikum er kveðið á um hundraðshluta og álagningu gjaldsins, undanþágur frá því og afslætti, gjalddaga og eindaga gjaldsins, greiðslufyrirkomulag og annað er varðar innheimtu þess. Samþykktina skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.



Húsnæðisáætlun - Lögskyld	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998, sbr. lög nr. 65/2018, regluferð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018.	Sveitarfélög greina með reglubundnum hætti þörf fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélagi m.t.t. mismunandi búsetuforma, gera áætlanir til fjögurra ára um það hvernig þörf fyrir íbúðarhúsnæði í sveitarfélagi verði mætt, tryggja framboð á lóðum til að mæta áætlunum og endurskoða áætlanir m.t.t. niðurstöðu þarfagreiningar.
Íbúakosningar	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 323/2023.	Sé kveðið á um í samþykkt sveitarfélags að nefnd fyrir hluta sveitarfélags skuli kosin af íbúum viðkomandi sveitarfélags, skal sveitarfélag setja sér reglur um framkvæmd þeirra kosninga. Skulu reglurnar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
Jafnréttisáætlun - Lögskyld	Lög nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála.	Sveitarstjórnir skulu að afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að innan hvers sveitarfélags verði gerð áætlun fyrir nýtt kjörtímabil um markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun. <a href="#">Leiðbeiningar Jafnréttisstofu</a> .
Leikskólastefna	Lög um leikskóla nr. 90/2008.	Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarféluginu og kynna fyrir íbúum þess.
Loftslagsstefna - Lögskyld	Lög um loftslagsmál nr. 70/2012.	Sveitarfélög skulu setja sér <a href="#">loftslagsstefnu</a> sem skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúslofttegunda og kolefnisjöfnun starfsemi ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.
Lögreglusamþykkt	Lög um lögreglusamþykktir nr. 36/1988.	Í hverju sveitarfélagi má setja lögreglusamþykkt sem kveður á um það sem varðar allsherjarreglu eftir því sem þurfa þykir. Lögreglusamþykktin skal send ráðuneytinu til staðfestingar.
Notendastýrð persónuleg aðstoð - Lögskyld	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.	Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og skulu setja nánari reglur þar um í samráði við notendaráð fatlaðs fólks eða samtök fatlaðs fólks.
Málstefna - Lögskyld	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.	Sveitarstjórn mótar sveitarféluginu <a href="#">málstefnu</a> í samráði við Íslenska málnefnd. Þar skulu jafnframt settar reglur um rétt íbúa af erlendum uppruna til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á annari tungu en íslensku.
Meðhöndlun og meðferð úrgangs og skolps	Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs þar til tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum um meðferð úrgangs og



	nr. 55/2003, lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.	reglugerðum settum samkvæmt þeim, m.a. um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu til flokkunar og merkingu sorpíláta. Slíka samþykkt skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
Persónuverndarstefna	Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.	Til að vernda réttindi og frelsi einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga ættu ábyrgðaraðilar að setja sér innri stefnu og innleiða ráðstafanir sem fylgja meginreglunum um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd.
Reglur um endurgreiðslu vegna hjálparskyldu	Lög um velferð dýra nr. 55/2013.	Sveitarfélögum er heimilt að setja reglur um framkvæmd endurgreiðslna vegna hjálparskyldu með hálfvilltum og villtum dýrum.
Réttindi sveitarstjórnarfulltrúa	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um réttindi sveitarstjórnarfulltrúa til þóknunar, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun.
Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins - Lögskyld	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Ráðuneytið staðfestir samþykktina og semur <a href="#">fyrimynd að samþykkt</a> sem gildir þar til sérstök samþykkt hefur verið gerð fyrir sveitarfélagið.
Sérstakur húsnæðisstuðningur - Lögskyld	XII. kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn setur reglur um sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli <a href="#">Leiðbeininga</a> ráðherra.
Siðareglur - Lögskyld	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn skal setja sér siðareglur, í samræmi við <a href="#">Leiðbeiningar siðanefndar</a> , sem öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við.
Skólastefna - Lögskyld	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Sveitarfélög setja almenna stefnu um grunnskólahald í sveitarfélagini og kynna fyrir íbúum þess.
Stuðningsfjölskyldur	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.	Sveitarstjórnnum er heimilt að setja reglur um stuðningsfjölskyldur.
Stuðningsþjónusta - Lögskyld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn setur reglur um stuðningsþjónustu á grundvelli <a href="#">Leiðbeininga</a> ráðherra um framkvæmd stuðningsþjónustu.



Styrkir til greiðslu, lækkun eða niðurgreiðslu fasteignaskatts	Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.	Sveitarstjórn er heimilt, á grundvelli reglna sinna, að veita styrki til greiðslu, lækka eða fella niður fasteignaskatt í ákveðnum tilvikum.
Stöðureitir og stöðubrot	Umferðarlög nr. 77/2019.	Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki lögreglustjóra. Reglur um notkun stöðureita á þjóðlendum skulu samþykktar af ráðherra er fer með málefni þjóðlendna.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs - Lögskyld	Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.	Sveitarstjórn semur og staðfestir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í samræmi við <a href="#">stefnu ráðherra í úrgangsmálum</a> . Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun o.s.frv.
Takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um búfjárhald nr. 38/2013.	Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, eða samþykkt um takmörkun eða bann gæludýra- og húsdýrahalds. Slíkar samþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.
Úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis - Lögskyld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn setur reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis á grundvelli <a href="#">leiðbeininga</a> ráðherra.
Verklagsreglur um meðferð húsnæðismála - Lögskyld	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998.	Sveitarstjórnir setja verklagsreglur um meðferð húsnæðismála sem birtar skulu á vef sveitarfélagsins.
Viðbragðsáætlun almannavarnanefndar - Lögskyld	Lög um almannavarnir nr. 82/2008.	Almannavarnanefndir og viðeigandi lögreglustjóri, í samvinnu við ríkislöggreglu-stjóra, skulu gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra. Í viðbragðsáætlun skal m.a. fjalla um skipulagningu, viðbúnað, samhæfingu og áfallahjálp og aðstoð.
Þjónustustefna	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn mótar <a href="#">stefnu</a> um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags í samráði við íbúa.



Þóknun fyrir nefndarstörf - Lögskyld	Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn setur reglur um þóknun kjörinna fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélagsins.
Æskulýðsmál - Lögskyld	Æskulýðslög nr. 70/2007.	Sveitarstjórnir skulu setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttáð og í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði.

## Lögmæltar stjórnir, nefndir og ráð

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélags, svokallaðar fastanefndir, sbr. 1. mgr. 37. gr. Sveitarstjórnnum er þó heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þó að svo sé kveðið á í lögum um að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni, sbr. 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ráðuneytið hefur tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir helstu lögmæltu stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélaga. Það skal tekið fram að yfirlitið hefur ekki gildi sem sjálfstæð réttarheimild og er ekki tæmandi um heimildir sveitarfélaga til að koma á fót stjórnum, nefndum eða ráðum innan sveitarfélagsins.

Málefni	Lög nr.	Nánari útfærsla
Almannavarnarnefnd -lögskyld	Lög um almannavarnir nr. 82/2008.	Sveitarstjórn skipar <a href="#">almannavarnarnefnd</a> , sem mótar stefnu og skipuleggur starf sitt í samræmi við lögin.
Byggingarnefnd	Lög um mannvirki nr. 160/2010.	Sveitarstjórn er heimilt með sérstakri samþykkt að kveða á um að í sveitarfélagini starfi byggingarnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, sem fjalli um byggingarleyfisumsókn áður en byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi. Samþykktina skal leggja fyrir ráðherra til staðfestingar og birta í B-deild Stjórnartíðinda.
Barnaverndarþjónusta -lögskyld	Barnaverndarlög nr. 80/2002.	Sveitarstjórn fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en er heimilt að fela fastanefnd hana með sérstakri samþykkt.
Félagsmálanefnd -lögskyld	Lög um félagsþjónustu	Sveitarstjórn kýs fulltrúa í félagsmálanefnd sem telst fastanefnd sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er þó heimilt að víkja frá því



	sveitarfélaga nr. 40/1991.	fyrirkomulagi í samþykkt um stjórн sveitarfélagsins eða með samstarfi sveitarfélaga.
Heilbrigðisnefnd - lögskýld	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.	Hlutaðeigandi sveitarstjórnir kjósa aðila í heilbrigðisnefnd hvers eftirlitssvæðis.
Húsnæðisnefnd	Lög um húsnæðismál nr. 44/1998.	Sveitarstjórn getur falið fastanefnd á sínum vegum eða sérstakri húsnæðisnefnd að annast stjórн og framkvæmd húsnæðismála á vegum sveitarfélagsins.
Jafnréttisnefnd - lögskýld	Lög um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020.	Sveitarstjórn felur byggðaráði eða annarri fastanefnd sveitarfélags að fara með jafnréttismál sveitarfélagsins og hafa umsjón með undirbúningi áætlunar og framkvæmd hennar.
Kjörstjórn - lögskýld	Lög um kosningar nr. 112/2021, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.	Sveitarstjórn kýs yfirkjörstjórn sem hefur umsjón með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga hver í sínu sveitarfélagi. Sé sveitarfélagi skipt í kjördeildir kýs sveitarstjórn jafnmargar undirkjörstjórnir og fjöldi kjördeilda er og ef fleiri en ein kjördeild er á sama kjörstað getur sveitarstjórn jafnframt kosið hverfiskjörstjórn.
Náttúruverndarnefnd - lögskýld	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.	Sveitarstjórn kýs þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd.
Nefnd um málefni leikskóla	Lög um leikskóla nr. 90/2008.	Sveitarstjórn kýs nefnd sem fer með málefni leikskóla.
Notendaráð - lögskýld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarfélög skulu starfrækja notendaráð sem hafa aðkomu að stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélagsins í málefnum er varða meðlimi þeirra.
Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks - lögskýld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn kýs að lágmarki þrjá fulltrúa í samráðshóp um málefni fatlaðs fólks.
Skipulagsnefnd - lögskýld	Skipulagslög nr. 123/2010.	Sveitarstjórn kýs skipulagsnefnd og ræður skipulagsfulltrúa til starfa með henni.
Skólanefnd - lögskýld	Lög um grunnskóla nr. 91/2008.	Sveitarstjórn kýs skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn/ir kunna að fela henni. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.
Stjórn almenningsbókasafns	Bókasafnslög nr. 150/2012.	Sveitarstjórn kýs almenningsbókasafni stjórn eða felur fastanefnd í samþykktum



		sveitarfélagsins að fara með málefni almenningsbókasafna.
Stjórn náttúrustofu	Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.	Starfræki sveitarfélag náttúrustofu skal sveitarstjórn skipa þrjá menn í stjórn náttúrustofu og þrjá til vara.
Umdæmisráð barnaverndar -lögskýld	Barnaverndarlög nr. 80/2002.	Sveitarstjórn skipar í umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn.
Ungmennaráð	Æskulýðslög nr. 70/2007.	Sveitarstjórn hlutast til um að stofnuð séu ráðgefandi ungmennaráð. Sveitarstjórn setur nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.
Öldungaráð -lögskýld	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.	Sveitarstjórn kýs að lágmarki þrjá fulltrúa í öldungaráð sveitarfélagsins.

## Samvinna sveitarfélaga

Samkvæmt 92. gr. sveitarstjórnarlaga er tveimur eða fleiri sveitarfélögum heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd afmarkaðra verkefna, enda mæli lög eða eðli máls því ekki í móti, sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga. Samvinna sveitarfélaga er þó þeim takmörkum háð að ef sveitarstjórn er óheimilt að framselja vald til fullnaðarafgreiðslu mála til aðila innan sveitarfélagsins, er einnig óheimilt að framselja það vald til aðila utan sveitarfélagsins nema fyrir því sé sérstök lagaheimild, sbr. 2. máls. 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samvinna sveitarfélaga skal ávallt grundvallast á samningi, sem skal að lágmarki kveða á um form samvinnu, ákvarðanatöku, slit samvinnu og fjárhagsleg atriði, nema ítarlegri ákvæði sé að finna í öðrum lögum, sbr. 2. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef að í samningi felst jafnframt framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvörðunar getur samvinnan einungis farið fram á vegum byggðasamlangs eða á þann hátta að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög, nema lög veiti sérstaka heimild fyrir öðru formi samstarfs, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna samvinnu sveitarfélaga er fjallað um skilyrði sveitarstjórnarlaga vegna samvinnu sveitarfélaga, m.a. form samvinnu og samninga sem samvinnan grundvallast á. Í tilefni breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002, m.a. um umdæmisráð barnaverndar, voru jafnframt gefnar út leiðbeiningar um samvinnu sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu.